Ed. **511. Nefndarálit** [56. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 82/1936, um ríkisútgáfu námsbóka.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt þetta frumvarp á allmörgum fundum. Eiríkur Einarsson og Finnbogi R. Valdimarsson voru fjarstaddir sökum veikinda, þegar málið var afgreitt.

Erindi barst frá ritnefnd Ríkisútgáfu námsbóka og afrit af álitsgerð skólaráðs barnaskólanna, þar sem gerð var grein fyrir þeirri skoðun, að námsbókagjaldið þyrfti að hækka upp í 25 krónur á ári. — Einnig mættu að eigin ósk á fundi nefndarinnar Helgi Elíasson fræðslumálastjóri og Jónas Jósteinsson formaður ritnefndar Ríkisútgáfu námsbóka, og ræddu þeir tekjuþörf útgáfunnar við nefndina.

Hins vegar ræddi formaður nefndarinnar málið einnig við menntamálaráðherra, og taldi hann, að málinu mundi sómasamlega borgið með 15 króna gjaldi, og óskaði hann því ekki breytinga.

Samkvæmt þessu leggja undirritaðir nefndarmenn til, að frumvarpið verði eftir atvikum samþykkt óbreytt, eins og það kom frá neðri deild.

Alþingi, 13. júní 1951.

Þorst. Þorsteinsson, form.	Rannveig Þorsteinsdóttir, fundaskr.	Hannibal Valdimarsson, frsm.